

Reykjavík, 28. maí 2009

Forsætisráðherra
Jóhanna Sigurðardóttir
Forsætisráðuneytinu
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Forsætisráðuneytið	
Skjalnúmer	09030019
Ást. númer	113
Dagsetning	29.05.09
Stað	Stjórn
Liður	Liður

Nefnd sú sem skipuð var til að leggja mat á hæfni umsækjenda um embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra skv. 2. mgr. 23. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 eins og greininni var breytt með 3. gr. 1. nr. 5/2009, hefur nú lokið störfum og hefur komist að sameiginlegri niðurstöðu.

Nefndin hefur yfirfarið þær umsóknir sem henni voru sendar, bæði umsóknir um embætti seðlabankastjóra og embætti aðstoðarseðlabankastjóra, og lagt mat á hæfni umsækjenda. Hún hefur samið stutta rökstudda umsögn um hæfni hvers umsækjenda auk rökstudds álits á því hverja nefndin telur hæfasta meðal umsækjenda um hvort embætti fyrir sig. Nefndin hefur í þessu skyni flokkað umsækjendur í fjóra flokka: mjög vel hæfur, vel hæfur, hæfur og ekki hæfur. Við mat sitt hefur nefndin haft til hliðsjónar menntun viðkomandi, starfsferil, reynslu og þekkingu á fjármálastarfsemi og efnahags- og peningamálum, stjórnunarhæfileika og hæfni í mannlegum samskiptum. Auk þess að styðjast við innsendar umsóknir umsækjenda hefur nefndin í þessum tilgangi rætt við þá aðila sem umsækjendur hafa sérstaklega bent á sem meðmælendur svo og samstarfsaðila og fyrrverandi samstarfsaðila umsækjenda. Ennfremur hefur nefndin aflað viðbótarupplýsinga, m.a. um menntun einstakra umsækjenda frá viðkomandi menntastofnunum.

Nefndin telur það ekki vera í sínum verkahring að meta annað en hæfni umsækjenda með vísan til ákvæðis 1. mgr. 23. gr. seðlabankalaga nr. 36/2001 og hefur hvorki í mati sínu tekið sérstakt tillit til ákvæða laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 né annarra laga eða samningsskuldbindinga sem stjórnvöld kunna að vera bundin af. Í því sambandi er sérstaklega vakin athygli á 10. lið í viljayfirlýsingu um áform íslenskra stjórnvalda vegna fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) frá nóvember 2008 þar sem tekið er fram að hafi fyrrverandi yfirstjórnendur og helstu hluthafar í yfirteknu bönkunum gerst sekir um afgang í rekstri eða misnotkun á bönkunum eigi þeir ekki að gegna sambærilegu hlutverki næstu þrjú árin.

Niðurstöður nefndarinnar eru eftirfarandi:

Embætti seðlabankastjóra

Um embætti seðlabankastjóra sóttu 8 einstaklingar sem uppfylltu menntunarskilyrði laga, taldir upp í þeirri röð sem umsóknir voru lagðar fyrir nefndina, þ.e. aldursröð: Tryggvi Pálsson, Jóhann Rúnar Björgvinsson, Þorvaldur Gylfason, Már Guðmundsson, Arnór Sighvatsson, Rannveig Sigurðardóttir, Yngvi Örn Kristinsson og Ásgeir Jónsson. Nefndin mat 2 þeirra mjög vel hæfa, 3 vel hæfa og 3 hæfa. Þeir umsækjendur sem nefndin mat mjög vel hæfa til að gegna embætti seðlabankastjóra eru Már Guðmundsson og Arnór Sighvatsson.

Már Guðmundsson er 54 ára og er aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans í Basel. Hann er með M-phil. gráðu í hagfræði frá háskólanum í Cambridge auk þess sem hann var þar við doktorsnám eftir það. Már hafði áður lokið BA prófi í hagfræði við háskólann í Essex auk þess sem hann stundaði nám í hagfræði og stærðfræði við Gautaborgarháskóla. Már starfaði í hagfræðideild S.Í. 1980-87, var efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra 1988-89, forstöðumaður hagfræðisviðs S.Í. 1991-94 og aðalhogfræðingur S.Í. 1994-04. Hann varð aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans (BIS) í Basel frá 2004 þar sem hann hefur starfað síðan. Með störfum sínum hefur hann m.a. verið ráðgjafi á vegum IMF 1998-99, (Trinidad og Tobago). Már hefur ritað fjölda greina og ritgerða um peninga- og gengismál og skyld efni, aðallega á ensku, en nokkuð á íslensku. Bæði nám og starfsferill eru fyrst og fremst á sviði peninga- og gengismála. Már fær lofsverð ummæli fyrir samstarfshæfileika og gott orðspor fer af honum fyrir stjórnun. Hann er eini íslenski hagfræðingurinn sem hefur starfsreynslu hjá þeirri alþjóðastofnun sem næst stendur seðlabönkum. Það er samdóma álit nefndarinnar að Már Guðmundsson teljist mjög vel hæfur.

Arnór Sighvatsson er 53 ára og er aðstoðarseðlabankastjóri Seðlabanka Íslands. Hann lauk doktorsprófi í hagfræði 1990 frá North Illinois háskóla og hafði áður lokið BA í sagnfræði og heimspeki frá H.Í. og MA prófi í hagfræði frá North Illinois háskóla. Með námi vann Arnór á Hagstofu Íslands 1987-88 og kenndi við North Illinois háskólann ásamt doktorsnámi, 1988-89. Hann hóf störf í S.Í. 1990, fyrst sem hagfræðingur, síðar sem deildarstjóri og staðgengill aðalhogfræðings 1995-04, aðalhogfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2004-09 og loks aðstoðarseðlabankastjóri 2009. Arnór var aðstoðarmaður framkvæmdastjóra IMF, skrifstofu Norðurlanda, 1993-95. Hann er höfundur margra greina um peningamál og gengismál á íslensku og ensku. Arnór fær lofsamleg ummæli um samstarfshæfni og stjórnunarhæfileika. Vegna náms og mikillar og langrar starfsreynslu hjá S.Í. og IMF telst Arnór Sighvatsson mjög vel hæfur.

Embætti aðstoðarseðlabankastjóra

Um embætti aðstoðarseðlabankastjóra sóttu 16 einstaklingar, taldir upp í þeirri röð sem umsóknir voru lagðar fyrir nefndina: Tryggvi Pálsson, Jóhann Rúnar Björgvinsson, Arnór Sighvatsson, Rannveig Sigurðardóttir, Þorsteinn Þorgeirsson, Yngvi Örn Kristinsson, Baldur Pétursson, Halldór Eiríkur S. Jónhildarson, Jón Þ. Sigurgeirsson, Jón G. Jónsson, Lúðvík Elíasson, Haukur Camillus Benediktsson, Lilja D. Alfreðsdóttir, Daniel Svavarsson, Ólafur Þórisson og Tamara Lisa Roesel. Nefndin mat 3 mjög vel hæfa, 3 vel hæfa, 8 hæfa og 2 ekki hæfa.

Þeir umsækjendur sem nefndin mat mjög vel hæfa eru Tryggvi Pálsson, Arnór Sighvatsson og Yngvi Örn Kristinsson.

Tryggvi Pálsson er 60 ára og er framkvæmdastjóri fjármálasviðs S.Í. Hann lauk prófi í þjóðhagfræði frá H.Í. og meistaraprófi frá London School of Economics (LSE) að loknu


tveggja ára námi, og hafði hafið framhaldsnám í Queen Mary College þegar hann tók við starfstilboði frá Landsbanka Íslands sem fól í sér að byggja upp nýtt hagfræði- og fjármálasvið við bankann. Tryggvi hefur víðtæka starfsreynslu bæði hjá viðskiptaböndum og hjá Seðlabanka Íslands. Hjá Landsbanka Íslands starfaði hann sem ráðgjafi bankastjórnar, forstöðumaður hagfræðideildar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs, en í Verzlunarbanka og Íslandsbanka sem bankastjóri. Hjá Seðlabanka Íslands hefur hann starfað sem ráðgjafi bankastjórnar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hann hefur setið í stjórn margra fyrirtækja og stofnana á vegum íslenskra banka, og sömuleiðis í opinberum nefndum og stundað kennslu í þjóðhagfræði á háskólastigi. Tryggvi hefur því mikla reynslu í bankastarfsemi hérlendis bæði á sviði viðskiptabanka og seðlabanka. Sem stjórnandi við mismunandi aðstæður hefur Tryggvi ágætt orðspor fyrir stjórnun og samstarfshæfileika.

Um Arnór Sighvatsson er fjallað hér að framan, en nefndin metur hann enn fremur mjög vel hæfan sem umsækjanda um embætti seðlabankastjóra.


Yngvi Örn Kristinsson er 52 ára og er yfirmaður hagfræðideildar Landsbankans, NBI. Hann nam hagfræði og stærðfræði við háskólann í Gautaborg 1976-77, lauk BA (Econ) frá háskólanum í Essex 1979 og MSc við LSE 1980 auk þess sem hann hefur sótt ýmis námskeið hjá IMF, Swiss National Bank, Federal Reserve, New York, og Bank of England. Yngvi hóf störf í hagfræðideild S.Í. 1980, var forstöðumaður tölfræði og rannsókna á peningamálasviði bankans 1987-93, forstöðumaður tölfræðisviðs 1993-94 og peningamálasviðs 1994-00. Hann var bankastjóri Búnaðarbanka í Luxembourg 2000-01, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Búnaðarbanka 2001-03 og L.Í. 2003-08. Hann varð yfirmaður hagfræðideildar NBI 2008. Yngvi hefur enn fremur verið ráðgjafi í sendinefndum IMF varðandi stjórn peningamála til ýmissra þróunarlanda. Hann hefur verið mikilvirkur í stjórnar- og nefndarstörfum hér á landi, allmikil greinaskrif liggja eftir hann og þátttaka í samningu frumvarpa og í opinberri umræðu. Yngvi hefur gott orð á sér að því er snertir stjórnun og samstarf.

Hjálagt eru umsagnir matsnefndar um hvern og einn umsækjanda um embætti seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra.

Virðingarfyllst,


Jónas H. Haralz


Guðmundur K. Magnússon


Lára V. Júlíusdóttir

Umsóknir um embætti aðstoðarseðlabankastjóra.

Umsögn matsnefndar um hvern og einn umsækjenda.

1. Tryggvi Pálsson.

a. Nám.

Lauk mjög góðu prófi í þjóðhagfræði frá H.Í. Lauk meistaraprófi frá LSE að loknu tveggja ára námi, og hafði hafið framhaldsnám í Queen Mary College þegar hann tók við starfstilboði frá Landsbanka Íslands sem fól í sér að byggja upp nýtt hagfræði- og fjármálasvið við bankann, bankastjórninni til ráðuneytis. Hóf störf sín í Landsbanka með heimsóknum og nokkurri námsdvöl hjá helstu viðskiptabönkum Landsbankans í nálægum löndum.

b. Starfsferill og reynsla.

Hefur starfsreynslu bæði hjá viðskiptabönkum, samtals 24 ár (1976-00), og hjá Seðlabanka Íslands 9 ár (2000-09). Hjá Landsbanka Íslands starfaði hann sem ráðgjafi bankastjórnar, forstöðumaður hagfræðideildar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs, en í Verslunarbanka og Íslandsbanka sem bankastjóri. Hjá Seðlabanka Íslands hefur hann starfað sem ráðgjafi bankastjórnar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hefur setið í stjórn margra fyrirtækja og stofnana á vegum íslenskra banka, og sömuleiðis í opinberum nefndum. Stundaði kennslu í þjóðhagfræði við Viðskiptadeild H.Í. og Verkfræði- og raunvísindadeild H.Í. 1977- 87, og í bankafræðum við Háskólann á Bifröst 2007-09. Hefur birt fræðigreinar í tímaritum.

c. Niðurstaða.

Hefur mikla reynslu í bankastarfsemi hérlendis bæði á sviði viðskiptabanka og seðlabanka, m.a. sem stjórnandi við mismunandi aðstæður og ágætt orðspor fer af honum fyrir samstarfshæfileika. Telst Tryggvi mjög vel hæfur í embætti aðstoðar-seðlabankastjóra.

a. Nám.

Lauk cand. oecon. prófi frá H.Í. 1975. Stundaði doktorsnám við Uppsalaháskóla og lauk öllum doktorsnámskeiðum 1981. Var þar við rannsóknarstörf til 1984. Nam heilsuhagfræði við LSE 1985.

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði sem hagfræðingur í Þjóðhagsstofnun 1985-99, og var á þeim tíma jafnframt ráðgjafi fjármálaráðuneytis. Árin 2000-05 starfaði hann sem Senior Economist hjá IMF, aðallega á sviði opinberra fjármála. Frá 2006 hefur hann skipað stöðu deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands í þeirri deild sem fjallar um þjóðhagsreikninga og opinber fjármál. Var hagfræðilegur ráðunautur Læknafélags Íslands árin 1997-99.

c. Niðurstaða.

Starfsferill hans er fyrst og fremst á sviði almennrar hagstjórnar og opinberra fjármála, en snýr ekki beinlínis að bankastarfsemi, peningamálum og gengismálum. Jóhann Rúnar Björgvinsson telst vel hæfur í embætti aðstoðarseðlabankastjóra.


3. Arnór Sighvatsson.

a. Nám.

BA sagnfræði og heimspeki H.Í. 1980. MA hagfræði, North Illinois háskóla 1987. PhD hagfræði North Illinois háskóla 1990.

b. Starfsferill.

Hagstofa Íslands, sumarvinna, 1987-88. Kennsla (Teaching Assistant og Instructor) við North Illinois háskólann, ásamt doktorsnámi, 1988-89. Seðlabanki Íslands : hagfræðingur 1990-93, deildarstjóri og staðgengill aðalhagfræðings 1995-04, aðalhagfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2004-09, aðstoðarseðlabankastjóri 2009.



Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra IMF á Norðurlandaskrifstofu 1993-95. Höfundur margra greina um peningamál og gengismál á íslensku og ensku.

c. Niðurstaða.

Menntun lýkur með doktorsprófi frá Northern Illinois háskóla. Starfsreynsla að öllu leyti í S.Í. ásamt tveggja ára starfi á Norðurlandaskrifstofu IMF. Starfsferill sem aðalhogfræðingur (frá 2004) og staðgengill aðalhogfræðings (frá 1995) nær yfir fjórtán ára tímabil. Lofsamleg ummæli um samstarfshæfni og stjórnunarhæfileika.

Það er mat nefndarinnar að Arnór Sighvatsson sé mjög vel hæfur í starf aðstoðarseðlabankastjóra.

4. Rannveig Sigurðardóttir.

a. Nám.

Fil. kand. (hagfræði) Gautaborgarháskóla 1985. Master (hagfræði) Gautaborgarháskóla 2002. Doktorsnám, Gautaborg 1987-90. Gestanemi Stanford University 1985-87.

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði við kennslu og rannsóknir á námsárum sínum, og á Hagstofu Íslands, vísitöludeild, 1990. Hagfræðingur BSRB 1990-99 og hagfræðingur ASÍ 1999-02. Sérfræðingur og síðar deildarstjóri á hagfræðisviði hjá S.Í. 2002-09. Aðstoðarframkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2009. Þátttaka í mörgum nefndum. Ritstjórn og umsjón með ritum S.Í. og ritun greina í Peningamálum, Ársskýrslu og Hagvísunum. Allmörg erindi flutt.

c. Niðurstaða.

Starfsreynsla hennar hjá hagsmunasamtökum er verðmæt. Erlend starfsreynsla er takmörkuð við háskóla, jafnframt námi. Störf hjá S.Í. í sjö ár ábyrgðarmikil ekki síst að því er snertir útgáfu og umsjá með ritum bankans. Fær góð ummæli vegna hæfileika til stjórnunar og samstarfs. Flokkast Rannveig Sigurðardóttir sem vel hæf í embætti aðstoðarseðlabankastjóra.

5. Þorsteinn Þorgeirsson.

a. Nám.

BA hagfræði American University, Washington D.C. 1979. MA hagfræði Vanderbilt University, 1978. Undirbúningur til doktorsprófs, New School for Social Research, New York, 1999. M.Phil. sama skóla 2005.

b. Starfsferill og reynsla.

Hagfræðilegur ráðunautur SÍS, 1982-83. Störf hjá fyrirtækjum í Kaliforníu, U.S.A. 1984-90. Hagfræðisvið S.Í. 1991-93, með námi. Hagfræðideild EFTA, Genf, 1993-95. Hagfræðideild OECD, París, 1995-00. Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins, 2001-04. Skrifstofustjóri efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 2005.

c. Niðurstaða.

Umsækjanda skortir starfsreynslu á sviði peningamála. Það er mat nefndarinnar að Þorsteinn Þorgeirsson sé hæfur.

6. Yngvi Örn Kristinsson.

a. Nám.

Nám hagfræði og stærðfræði við háskólann í Gautaborg 1976-77. BA (Econ) Essexháskóla 1977-79. MSc við LSE 1979-80. Námskeið hjá IMF, Swiss National Bank, Federal Reserve, New York, og Bank of England.

b. Starfsferill og reynsla.

S.Í. hagfræðideild 1980-87. Forstöðumaður tölfræði og rannsókna á peningamálasviði 1987-93. Forstöðumaður tölfræðisviðs 1993-94 og peningamálasviðs 1994-00. Bankastjóri Búnaðarbanka í Luxembourg 2000-01. Framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Búnaðarbanka 2001-03 og hið sama við L.Í. 2003-08. Yfirmaður hagfræðideildar NBI 2008. Ráðgjafi í sendinefndum IMF varðandi stjórn peningamála til ýmissra

þróunarlanda. Mikil stjórnar- og nefndarstörf hér á landi, allmikil greinaskrif og þátttaka í samningu frumvarpa og í opinberri umræðu.

c. Niðurstaða.

Hefur gott orð að því er snertir stjórnun og samstarf. Hefur víðtæka reynslu með því að hafa starfað bæði í seðlabanka (13 ár) og í viðskiptabönkum (9 ár). Flokkast Yngvi Örn Kristinsson sem mjög vel hæfur í embætti aðstoðarseðlabankastjóra.

7. Baldur Pétursson.

a. Nám.

Cand. oecon. H.Í. 1985. Master, (Science Admin. in Multinat. Commerce), Boston University, 2001.

b. Starfsferill og reynsla.

Sjálfstæður ráðunautur 1983-85. Ráðunautur í iðnaðarráðuneyti 1985-86. Deildarstjóri í iðnaðarráðuneyti, tveimur mismunandi deildum, 1986-98. Ráðunautur við sendiráð Íslands hjá ESB, Brussel, 1998-02. Yfirmaður deildar varðandi "Competitiveness, Regional, Hydrogen and International Affairs" í iðnaðar og viðskiptaráðuneyti, 2002-06. Varafulltrúi (Alternate Executive Director) í stjórn Evrópubankans í London, EBRD, frá 2006.

c. Niðurstaða.

Starfsreynslan er á öðrum sviðum en peninga- og bankamálum, einnig í EBRD, sem er þróunarbanki á vegum Evrópulanda. Nefndin metur Baldur Pétursson hæfan.

8. Halldór Eiríkur Jónhildarson.

a. Nám.

Lagadeild H.Í. 1982-88 (embættispróf). M.C.L. (meistarapróf í samanburðarlögfræði) California School of Law, San Diego, 1990-92. Meistarapróf, LLM, Hamborgarháskóli,

1993-94. Doktorsnám (hafréttur og þjóðarréttur) með hléum 1999-08, doktorsritgerð metin hæf til varnar, 2008.

b. Starfsferill og reynsla.

Ýmisleg lögfræðistörf hér á landi 1979-98, en fræðistörf erlendis, einkum í Þýskalandi, 1998-09. Umfangsmikil fræðileg ritstörf á erlendum málum, auk blaðagreina á íslensku. Leggur fram ítarlega greinargerð um fræðistörf sín og leggur áherslu á hagfræðilega rýni á lögfræði (economic analysis of law). Hefur sérhæft sig á sviði alþjóðlegs, evrópsks og íslensks banka- og fjármagnsmarkaðsréttar í gegnum lögvisindanám sitt og feril. Hefur fjallað um stjórnskipulegan grundvöll S.Í. og aðra þætti íslensks banka- og fjármagnsmarkaðsréttar í því skyni að draga skýra mynd af öllum þáttum íslensks banka- og fjármagnsmarkaðsréttar, svo og gjaldeyrismála.

c. Niðurstaða.

Vafi leikur á hvort menntun hans teljist uppfylla skilyrði laga um hæfni. Nefndin telur Halldór Eirík Jónhildarson ekki hæfan.

9. Jón Þ. Sigurgeirsson.

a. Nám.

Cand. oecon. Háskóla Íslands, 1982-86.

b. Starfsferill og reynsla.

Sérfræðingur, deildarstjóri og staðgengill framkvæmdastjóra á Alþjóðasviði S.Í. 1987-96. Stundaði viðskipti í Hong Kong og Kína 1996-97. Staðgengill framkvæmdastjóra Alþjóðasviðs S.Í. 1997-99. Aðstoðarmaður aðalfulltrúa Norðurlanda (Executive Director) á Norðurlandaskrifstofu IMF 2000-02. Framkvæmdastjóri Alþjóðasviðs S.Í. 2002-05. Varafulltrúi (Alternate Executive Director) á Norðurlandaskrifstofu IMF, 2006-08. Framkvæmdastjóri á skrifstofu bankastjórnar S.Í. frá 2008.

c. Niðurstaða.

Hefur ekki stundað framhaldsnám að loknu cand.oecon. prófi. Hefur hins vegar langan starfsferil í S.Í., fyrst og fremst á alþjóðasviði, en nú sem framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjórnar. Þá hefur hann að baki 4 ára starf á Norðurlandaskrifstofu IMF. Það bendir til góðs trausts á starfi hans og góðra samstarfshæfileika, að hann var útnefndur í annað skipti til starfa á Norðurlandaskrifstofu IMF, og þá í hærri stöðu en í fyrra skiptið. Flokkast Jón Þ. Sigurgeirsson vel hæfur.

10. Jón G. Jónsson.

a. Nám.

BsC viðskiptafræði, School of Hotel Administration, Cornell University, 1988-92. Námskeið í ýmsum greinum þjóðhagfræði.

b. Starfsferill og reynsla.

Hefur starfað samfleytt hjá verðbréfafyrirtækinu Merrill Lynch frá 1992, í Bandaríkjunum 1992-96, í Asíu 1996-01, og í Evrópu (London) frá 2001. Gegndi starfi aðstoðarfulltrúa í fjárfestingardeild og aðstoðarsérfræðings í greiningardeild í New York, starfi sérfræðings í greiningardeild í Hong Kong og störfum forstöðumanns í greiningardeild og framkvæmdastjóra í fjárfestingarbankadeild í London. Hefur samið rit og greinar um fjármál og peningamál og einnig álitserð fyrir nefndir Alþingis á árinu 2009.

c. Niðurstaða.

Reynsla hans er mikil á sviði fjárfestingarbanka, en takmarkast við það svið. Flokkun nefndarinnar á Jóni G. Jónssyni er hæfur.

11. Lúðvík Eliasson.

a. Nám.

Stærðfræði H.Í. 1988-91. BS hagfræði, H.Í. 1991-94. MA hagfræði University of Washington, Seattle, 1995-97. PhD sama skóla 1997-01. Lokaritgerð: Economic Growth with a Renewable Resource Sector.

b. Starfsferill og reynsla.

Hagfræðingur í fjármálaráðuneytinu 1995. Hagfræðingur á hagfræðisviði S.Í. 2001-04 og "senior economist" á sama sviði 2005. Hagfræðingur, "senior economist", í greiningardeild L.Í. 2005-08 og í hagfræðideild NBI 2008. Sumarstarfsmaður á námsárum hjá IMF, S.Í., fjármálaráðuneyti og Hagfræðistofnun H.Í. Hefur starfað sem stundakennari við háskóla bæði á námsárum í USA og hér á landi. Hefur birt margar ritgerðir, skýrslur og greinar og flutt kynningar og fyrirlestra á ráðstefnum.

c. Niðurstaða.

Starfsreynsla er bæði á sviði seðlabanka og viðskiptabanka hérlendis en engin í erlendum stofnunum. Flokkast Lúðvík Elíasson sem hæfur.

12. Haukur Camillus Benediktsson.

a. Nám.

B.Sc. í hagfræði H.Í., 1993-96. M.Sc. í "Finance and Economics" LSE 1997-98. Próf í verðbréfamíðlun 1998.

b. Starfsferill og reynsla.

Lektor í fjármálum við H.Í. frá 1999 og kennari í fjármálum við Háskólann á Bifröst frá 2004. Starfaði hjá Hagfræðistofnun H.Í. 1995-99, Íslandsbanka 1999-01, S.Í., alþjóðasviði og fjármálasviði, 2001-06, og Kaupþingi banka hf., sjóðstjórn og gjaldeyrisstýringu, 2006-08. Ráðgjafi á alþjóða- og markaðssviði S.Í. frá 2009. Höfundur og meðhöfundur allmargra fræðilegra ritgerða.

c. Niðurstaða.

Starfsreynsla bæði á sviði seðlabanka og viðskiptabanka hér á landi. Flokkast Haukur Camillus Benediktsson sem hæfur.

13. Lilja D. Alfreðsdóttir.

a. Nám.

B.A. stjórn málafræði H.Í. 1994-98. MIA, International Economic Policy, Columbia háskóli, New York, 1999-01. Skiptinemi í hagfræði, heimspeki og leikjafræðum, Minnesota háskóli 1998. Skiptinemi í stjórn málafræði við Ewha háskólann, Seoul, S. Kóreu, 1993-94.

b. Starfsferill og reynsla.

EFTA, Brussel, sérfræðingur á vöruskiptasviði, 2000. Hagfræðingur í alþjóðadeild S.Í. 2001-05 og staðgengill framkvæmdastjóra sömu deildar 2006-08. Staðgengill framkvæmdastjóra skrifstofu bankastjórnar frá 2009. Hefur undanfarið starfað þar að samræmingu á samskiptum stjórnvalda við IMF.

c. Niðurstaða.

Hefur góða starfsreynslu í S.Í. Flokkast Lilja D. Alfreðsdóttir hæf.

14. Daniel Svavarsson.

a. Nám.

BA hagfræði H.Í. 1996-99, MSc hagfræði, School of Business, Economics and Law, Gautaborgarháskóla. Doktorsnám, Stanford School of Engineering 2002-03. PhD viðskiptafræði, Gautaborg 2001-05.

b. Starfsferill og reynsla.

Sumarstörf Kreditkort hf. og L.Í. 1999-06. Kennsla og rannsóknir, Gautaborgarháskóla og Stanford 2001-05. S.Í. sérfræðingur á hagfræðisviði 2006-08 og á alþjóða- og markaðssviði frá 2008.

c. Niðurstaða.

Umsækjandi hefur góða starfsreynslu í S.Í. Flokkast Daniel Svavarsson sem hæfur.

15. Ólafur Þórisson.

a. Nám.

BS iðnaðarverkfræði, H.Í. 2003-06. MSc fjármálafræði 2006-08.

b. Starfsferill og reynsla.

Sérfræðingur í verkfræðideild Orkuveitu Reykjavíkur 2006-07. Sérfræðingur á eignastýringarsviði L.Í. 2007-08.

c. Niðurstaða.

Skortir starfsreynslu á sviði peningamála. Ólafur Þórisson telst ekki hæfur.

16. Tamara Lisa Roesel.

a. Nám.

BSc í viðskiptafræði, fjármála- og endurskoðunarbraut, H.Í. 1999-02. MSc í iðnaðarverkfræði, Helsinki University of Technology, 2003-05.

b. Starfsferill og reynsla.

Tækni- og viðskiptastörf hjá ýmsum fyrirtækjum 1994-97 og 1999-03. Framkvæmdastjóri verkefna (Project Manager) Kaupþing banki 2005-09.

c. Niðurstaða.

Takmörkuð starfsreynsla á sviði peninga- og fjármála. Flokkast Tamara Lisa Roesel hæf.

Umsóknir um embætti seðlabankastjóra.

Umsögn matsnefndar um hvern og einn umsækjenda.

1. Tryggvi Pálsson.

a. Nám.

Lauk mjög góðu prófi í þjóðhagfræði frá H.Í. Lauk meistaraprófi frá LSE að loknu tveggja ára námi, og hafði hafið framhaldsnám í Queen Mary College þegar hann tók við starfstilboði frá Landsbanka Íslands sem fól í sér að byggja upp nýtt hagfræði- og fjármálasvið við bankann, bankastjórninni til ráðuneytis. Hóf störf sín í Landsbanka með heimsóknum og nokkurri námsdvöl hjá helstu viðskiptabönkum Landsbankans í nálægum löndum.

b. Starfsferill og reynsla.

Hefur starfsreynslu bæði hjá viðskiptabönkum, samtals 24 ár (1976-00), og hjá Seðlabanka Íslands 9 ár (2000-09). Hjá Landsbanka Íslands starfaði hann sem ráðgjafi bankastjórnar, forstöðumaður hagfræðideildar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs, en í Verzlunarbanka og Íslandsbanka sem bankastjóri. Hjá Seðlabanka Íslands hefur hann starfað sem ráðgjafi bankastjórnar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hefur setið í stjórn margra fyrirtækja og stofnana á vegum íslenskra banka og sömuleiðis í opinberum nefndum. Stundaði kennslu í þjóðhagfræði við Viðskiptadeild H.Í. og Verkfræði- og raunvísindadeild H.Í. 1977- 87, og í bankafræðum við Háskólann á Bifröst 2007-09, og hefur birt fræðigreinar í tímaritum.

c. Niðurstaða.

Hefur mikla reynslu í bankastarfsemi hérlendis bæði á sviði viðskiptabanka og seðlabanka, m.a. sem stjórnandi við mismunandi aðstæður og ágætt orðspor fer af honum fyrir samstarfshæfileika. Telst Tryggvi Pálsson vel hæfur í embætti seðlabankastjóra.

2. Jóhann Rúnar Björgvinsson.

a. Nám.

Lauk cand. oecon. prófi frá H.Í. 1975. Stundaði doktorsnám við Uppsalaháskóla og lauk öllum doktorsnámskeiðum 1981. Var þar við rannsóknarstörf til 1984. Nam heilsuhagfræði við LSE 1985.

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði sem hagfræðingur í Þjóðhagsstofnun 1985-99 og var á þeim tíma jafnframt ráðgjafi fjármálaráðuneytis. Árin 2000-05 starfaði hann sem Senior Economist hjá IMF, aðallega á sviði opinberra fjármála. Frá 2006 hefur hann skipað stöðu deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands í þeirri deild sem fjallar um þjóðhagsreikninga og opinber fjármál. Var hagfræðilegur ráðunautur Læknafélags Íslands árin 1997-99. Hefur skrifað fræðigreinar um peninga- og efnahagsmál.

c. Niðurstaða.

Starfsferill hans er fyrst og fremst á sviði almennrar hagstjórnar og opinberra fjármála, en snýr ekki beinlínis að bankastarfsemi, peningamálum og gengismálum. Jóhann Rúnar Björgvinsson telst hæfur í embætti seðlabankastjóra.

3. Þorvaldur Gylfason.

a. Nám.

BA Manchesterháskóla (1973), MA (Econ.) Princeton háskóla (1975), PhD, Princeton háskóla (1976). Doktorsritgerð fjallaði um "Inflation, Unemployment and Economic Growth".

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði sem hagfræðingur hjá IMF árin 1976-81 og tók á þeim árum þátt í sendiferðum sjóðsins til landa í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Starfaði sem Research Fellow við Institute for International Economic Studies í Stokkhólmi árin 1978-79 og 1981-96. Prófessor við Háskóla Íslands frá 1985 og Visiting Professor við Princeton háskóla 1986-88. Rannsóknarprófessor við H.Í. frá 2004. Ráðunautur Seðlabanka Íslands 1984-93. Á að baki langan og margvíslegan feril við háskóla- og rannsóknarstörf, ritun bóka, tímarits- og blaðagreina, sem spanna fjölda viðfangsefna, landa og heimsálfa.

c. Niðurstaða.

Starfsferill hans er að heita má allur á sviði háskóla og fræðimennsku. Markverð og umfangsmikil fræðistörf hans hafa beinst aðallega að almennum hagfræðilegum viðfangsefnum, svo sem hagvexti, verðbólgu, gengis- og atvinnumálum, auk vanda þróunarríkja, en í minna mæli að peninga- og bankamálum. Flokkast Þorvaldur Gylfason vel hæfur.

4. Már Guðmundsson.

a. Nám.

BA Econ Essex háskóli (1979), M-phil (Econ.) Cambridge háskóli (1980), Doktorsnám, Cambridge háskóli (1987-89).

b. Starfsferill og reynsla.

Hagfræðideild S.Í. 1980-87. Efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra 1988-91. Forstöðumaður hagfræðisviðs S.Í. 1991-94. Aðalhogfræðingur S.Í. 1994-04. Aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans, BIS, í Basel frá 2004, en 150 starfsmenn eru í deildinni. Ráðgjafi á vegum IMF 1998-99, (Trinidad og Tobago). Hefur ritað fjölda greina og ritgerða um peninga- og gengismál og skyld efni, aðallega á ensku, en nokkuð á íslensku.

c. Niðurstaða.

Bæði nám og starfsferill eru fyrst og fremst á sviði peninga- og gengismála. Fær lofsverð ummæli fyrir samstarfshæfileika og gott orðspor fer af honum fyrir stjórnun. Starfsreynsla hans erlendis er hjá þeirri alþjóðastofnun sem næst stendur störfum seðlabanka og er hann einn íslenskra hagfræðinga með slíka reynslu að baki. Telst Már Guðmundsson mjög vel hæfur.

5. Arnór Sighvatsson.

a. Nám.

BA sagnfræði og heimspeki H.Í. 1980. MA hagfræði, North Illinois háskóli 1987. PhD hagfræði North Illinois háskóli 1990.

b. Starfsferill og reynsla.

Hagstofa Íslands, sumarvinna, 1987-88. Kennsla (Teaching Assistant og Instructor) við North Illinois háskólann, ásamt doktorsnámi, 1988-89. Seðlabanki Íslands : hagfræðingur 1990-93, deildarstjóri og staðgengill aðalhagfræðings 1995-04, aðalhagfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2004-09, aðstoðarseðlabankastjóri 2009. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra IMF á Norðurlandaskrifstofu 1993-95. Höfundur margra greina um peningamál og gengismál á íslensku og ensku.

c. Niðurstaða.

Menntun lýkur með doktorsprófi frá Northern Illinois háskóla. Starfsreynsla að öllu leyti í S.Í. ásamt tveggja ára starfi á Norðurlandaskrifstofu IMF. Starfsferill sem aðalhagfræðingur (frá 2004) og staðgengill aðalhagfræðings (frá 1995) nær yfir fjórtán ára tímabil. Lofsamleg ummæli um samstarfshæfni og stjórnunarhæfileika. Það er mat nefndarinnar að Arnór Sighvatsson sé mjög vel hæfur í embætti seðlabankastjóra.

6. Rannveig Sigurðardóttir.

a. Nám.

Fil. kand. (hagfræði) Gautaborgarháskóli 1985. Master (hagfræði) Gautaborgarháskóli 2002. Doktorsnám, Gautaborgarháskóli 1987-90. Gestanemi Stanford University 1985-87.

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði við kennslu og rannsóknir á námsárum sínum, og á Hagstofu Íslands, vísitöludeild, 1990. Hagfræðingur BSRB 1990-99 og hagfræðingur ASÍ 1999-02. Sérfræðingur og síðar deildarstjóri á hagfræðisviði hjá S.Í. 2002-09. Aðstoðarframkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2009. Þátttaka í mörgum nefndum. Ritstjórn og umsjón með ritum S.Í. og ritun greina í Peningamálum, Ársskýrslu og Hagvísun. Allmörg erindi flutt.

c. Niðurstaða.

Starfsreynsla hennar hjá hagsmunasamtökum er verðmæt. Erlend starfsreynsla er takmörkuð við háskóla, jafnframt námi. Störf hjá S.Í. í sjö ár ábyrgðarmikil ekki síst að því er snertir útgáfu og umsjá með ritum bankans. Fær góð ummæli vegna hæfileika til stjórnunar og samstarfs. Flokkast Rannveig Sigurðardóttir sem hæf í embætti seðlabankastjóra.

7. Yngvi Örn Kristinsson.

a. Nám.

Nám hagfræði og stærðfræði við háskólann í Gautaborg 1976-77. BA (Econ) Essex háskóla 1977-79. MSc við LSE 1979-80. Námskeið hjá IMF, Swiss National Bank, Federal Reserve, New York, og Bank of England.

b. Starfsferill og reynsla.

S.Í. hagfræðideild 1980-87. Forstöðumaður tölfræði og rannsókna á peningamálasviði 1987-93. Forstöðumaður tölfræðisviðs 1993-94 og peningamálasviðs 1994-00. Bankastjóri Búnaðarbanka í Luxembourg 2000-01. Framkvæmdastjóri verðbréfasviðs

Búnaðarbanka 2001-03 og samskonar starf við L.Í. 2003-08. Yfirmaður hagfræðideildar NBI 2008. Ráðgjafi í sendinefndum IMF varðandi stjórn peningamála til ýmissra þróunarlanda. Mikil stjórnar- og nefndarstörf hér á landi, allmikil greinaskrif og þátttaka í samningu frumvarpa og í opinberri umræðu.

c. Niðurstaða.

Hefur gott orð að því er snertir stjórnun og samstarf. Hefur viðtæka reynslu með því að hafa starfað bæði í seðlabanka (13 ár) og í viðskiptabönkum (9 ár).

Flokkast Yngvi Örn Kristinsson sem vel hæfur í embætti seðlabankastjóra.

8. Ásgeir Jónsson.

a. Nám.

BS í hagfræði H.Í. 1994. Masterspróf í hagfræði við Indiana University 1997 og doktorspróf við sama skóla 2001. Efni ritgerðar: Áhrif peningamálastefnu á hagsveiflur í litlum opnum hagkerfum.

b. Starfsferill og reynsla.

Kennsla í hagfræði við Indiana University meðfram doktorsnámi, 1995-00. Sérfræðingur á Hagfræðistofnun H.Í. með aðaláherslu á peningamálahagfræði 2000-03. Lektor við hagfræðiskor H.Í. með aðaláherslu á alþjóðafjármál, peningamál og hagstjórn frá 2004. Aðalhogfræðingur Kaupþings 2004-06, og forstöðumaður greiningardeildar þess banka frá 2006. Ritstjórn Vísbindingar 1995-96 og Tímarits um viðskipti og efnahagsmál frá 2002. Hagfræðingur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1994-95.

c. Niðurstaða.

Hefur takmarkaða stjórnunarreynslu en gott orðspor fyrir samstarf. Bæði nám hans og störf hafa beinst sérstaklega að peningámálum. Starfsferillinn er bundinn við háskóla og hagfræðideild viðskiptabanka. Flokkast Ásgeir Jónsson sem hæfur.

Umsóknir um embætti seðlabankastjóra.

Umsögn matsnefndar um hvern og einn umsækjenda.

1. Tryggvi Pálsson.

a. Nám.

Lauk mjög góðu prófi í þjóðhagfræði frá H.Í. Lauk meistaraprófi frá LSE að loknu tveggja ára námi, og hafði hafið framhaldsnám í Queen Mary College þegar hann tók við starfstilboði frá Landsbanka Íslands sem fól í sér að byggja upp nýtt hagfræði- og fjármálasvið við bankann, bankastjórninni til ráðuneytis. Hóf störf sín í Landsbanka með heimsóknnum og nokkurri námsdvöl hjá helstu viðskiptabönkum Landsbankans í nálægum löndum.

b. Starfsferill og reynsla.

Hefur starfsreynslu bæði hjá viðskiptabönkum, samtals 24 ár (1976-00), og hjá Seðlabanka Íslands 9 ár (2000-09). Hjá Landsbanka Íslands starfaði hann sem ráðgjafi bankastjórnar, forstöðumaður hagfræðideildar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs, en í Verzlunarbanka og Íslandsbanka sem bankastjóri. Hjá Seðlabanka Íslands hefur hann starfað sem ráðgjafi bankastjórnar og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Hefur setið í stjórn margra fyrirtækja og stofnana á vegum íslenskra banka og sömuleiðis í opinberum nefndum. Stundaði kennslu í þjóðhagfræði við Viðskiptadeild H.Í. og Verkfræði- og raunvísindadeild H.Í. 1977- 87, og í bankafræðum við Háskólann á Bifröst 2007-09, og hefur birt fræðigreinar í tímaritum.

c. Niðurstaða.

Hefur mikla reynslu í bankastarfsemi hérlendis bæði á sviði viðskiptabanka og seðlabanka, m.a. sem stjórnandi við mismunandi aðstæður og ágætt orðspor fer af honum fyrir samstarfshæfileika. Telst Tryggvi Pálsson vel hæfur í embætti seðlabankastjóra.

2. Jóhann Rúnar Björgvinsson.

a. Nám.

Lauk cand. oecon. prófi frá H.Í. 1975. Stundaði doktorsnám við Uppsalaháskóla og lauk öllum doktorsnámskeiðum 1981. Var þar við rannsóknarstörf til 1984. Nam heilsuhagfræði við LSE 1985.

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði sem hagfræðingur í Þjóðhagsstofnun 1985-99 og var á þeim tíma jafnframt ráðgjafi fjármálaráðuneytis. Árin 2000-05 starfaði hann sem Senior Economist hjá IMF, aðallega á sviði opinberra fjármála. Frá 2006 hefur hann skipað stöðu deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands í þeirri deild sem fjallar um þjóðhagsreikninga og opinber fjármál. Var hagfræðilegur ráðunautur Læknafélags Íslands árin 1997-99. Hefur skrifað fræðigreinar um peninga- og efnahagsmál.

c. Niðurstaða.

Starfsferill hans er fyrst og fremst á sviði almennrar hagstjórnar og opinberra fjármála, en snýr ekki beinlínis að bankastarfsemi, peningamálum og gengismálum. Jóhann Rúnar Björgvinsson telst hæfur í embætti seðlabankastjóra.

3. Þorvaldur Gylfason.

a. Nám.

BA Manchesterháskóla (1973), MA (Econ.) Princeton háskóla (1975), PhD, Princeton háskóla (1976). Doktorsritgerð fjallaði um "Inflation, Unemployment and Economic Growth".

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði sem hagfræðingur hjá IMF árin 1976-81 og tók á þeim árum þátt í sendiferðum sjóðsins til landa í Afríku, Asíu og Suður-Ameríku. Starfaði sem Research Fellow við Institute for International Economic Studies í Stokkhólmi árin 1978-79 og 1981-96. Prófessor við Háskóla Íslands frá 1985 og Visiting Professor við Princeton háskóla 1986-88. Rannsóknarprófessor við H.Í. frá 2004. Ráðunautur Seðlabanka Íslands 1984-93. Á að baki langan og margvíslegan feril við háskóla- og rannsóknarstörf, ritun bóka, tímarits- og blaðagreina, sem spanna fjölda viðfangsefna, landa og heimsálfa.

c. Niðurstaða.

Starfsferill hans er að heita má allur á sviði háskóla og fræðimennsku. Markverð og umfangsmikil fræðistörf hans hafa beinst aðallega að almennum hagfræðilegum viðfangsefnum, svo sem hagvexti, verðbólgu, gengis- og atvinnumálum, auk vanda þróunarrikja, en í minna mæli að peninga- og bankamálum. Flokkast Þorvaldur Gylfason vel hæfur.

4. Már Guðmundsson.

a. Nám.

BA Econ Essex háskóli (1979), M-phil (Econ.) Cambridge háskóli (1980), Doktorsnám, Cambridge háskóli (1987-89).

b. Starfsferill og reynsla.

Hagfræðideild S.Í. 1980-87. Efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra 1988-91. Forstöðumaður hagfræðisviðs S.Í. 1991-94. Aðalhogfræðingur S.Í. 1994-04. Aðstoðarframkvæmdastjóri peningamála- og hagfræðisviðs Alþjóðagreiðslubankans, BIS, í Basel frá 2004, en 150 starfsmenn eru í deildinni. Ráðgjafi á vegum IMF 1998-99, (Trinidad og Tobago). Hefur ritað fjölda greina og ritgerða um peninga- og gengismál og skyld efni, aðallega á ensku, en nokkuð á íslensku.

c. Niðurstaða.

Bæði nám og starfsferill eru fyrst og fremst á sviði peninga- og gengismála. Fær lofsverð ummæli fyrir samstarfshæfileika og gott orðspor fer af honum fyrir stjórnun. Starfsreynsla hans erlendis er hjá þeirri alþjóðastofnun sem næst stendur störfum seðlabanka og er hann einn íslenskra hagfræðinga með slíka reynslu að baki. Telst Már Guðmundsson mjög vel hæfur.

5. Arnór Sighvatsson.

a. Nám.

BA sagnfræði og heimspeki H.Í. 1980. MA hagfræði, North Illinois háskóli 1987. PhD hagfræði North Illinois háskóli 1990.

b. Starfsferill og reynsla.

Hagstofa Íslands, sumarvinna, 1987-88. Kennsla (Teaching Assistant og Instructor) við North Illinois háskólann, ásamt doktorsnámi, 1988-89. Seðlabanki Íslands : hagfræðingur 1990-93, deildarstjóri og staðgengill aðalhogfræðings 1995-04, aðalhogfræðingur og framkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2004-09, aðstoðarseðlabankastjóri 2009. Aðstoðarmaður framkvæmdastjóra IMF á Norðurlandaskrifstofu 1993-95. Höfundur margra greina um peningamál og gengismál á íslensku og ensku.

c. Niðurstaða.

Menntun lýkur með doktorsprófi frá Northern Illinois háskóla. Starfsreynsla að öllu leyti í S.Í. ásamt tveggja ára starfi á Norðurlandaskrifstofu IMF. Starfsferill sem aðalhogfræðingur (frá 2004) og staðgengill aðalhogfræðings (frá 1995) nær yfir fjórtán ára tímabil. Lofsamleg ummæli um samstarfshæfni og stjórnunarhæfileika. Það er mat nefndarinnar að Arnór Sighvatsson sé mjög vel hæfur í embætti seðlabankastjóra.

6. Rannveig Sigurðardóttir.

a. Nám.

Fil. kand. (hagfræði) Gautaborgarháskóli 1985. Master (hagfræði) Gautaborgarháskóli 2002. Doktorsnám, Gautaborgarháskóli 1987-90. Gestanemi Stanford University 1985-87.

b. Starfsferill og reynsla.

Starfaði við kennslu og rannsóknir á námsárum sínum, og á Hagstofu Íslands, vísitöludeild, 1990. Hagfræðingur BSRB 1990-99 og hagfræðingur ASÍ 1999-02. Sérfræðingur og síðar deildarstjóri á hagfræðisviði hjá S.Í. 2002-09. Aðstoðarframkvæmdastjóri hagfræðisviðs 2009. Þátttaka í mörgum nefndum. Ritstjórn og umsjón með ritum S.Í. og ritun greina í Peningamálum, Ársskýrslu og Hagvísun. Allmörg erindi flutt.

c. Niðurstaða.

Starfsreynsla hennar hjá hagsmunasamtökum er verðmæt. Erlend starfsreynsla er takmörkuð við háskóla, jafnframt námi. Störf hjá S.Í. í sjö ár ábyrgðarmikil ekki síst að því er snertir útgáfu og umsjá með ritum bankans. Fær góð ummæli vegna hæfileika til stjórnunar og samstarfs. Flokkast Rannveig Sigurðardóttir sem hæf í embætti seðlabankastjóra.

7. Yngvi Örn Kristinsson.

a. Nám.

Nám hagfræði og stærðfræði við háskólann í Gautaborg 1976-77. BA (Econ) Essex háskóla 1977-79. MSc við LSE 1979-80. Námskeið hjá IMF, Swiss National Bank, Federal Reserve, New York, og Bank of England.

b. Starfsferill og reynsla.

S.Í. hagfræðideild 1980-87. Forstöðumaður tölfræði og rannsókna á peningamálasviði 1987-93. Forstöðumaður tölfræðisviðs 1993-94 og peningamálasviðs 1994-00. Bankastjóri Búnaðarbanka í Luxembourg 2000-01. Framkvæmdastjóri verðbréfasviðs

Búnaðarbanka 2001-03 og samskonar starf við L.Í. 2003-08. Yfirmaður hagfræðideildar NBI 2008. Ráðgjafi í sendinefndum IMF varðandi stjórn peningamála til ýmissra þróunarlanda. Mikil stjórnar- og nefndarstörf hér á landi, allmikil greinaskrif og þátttaka í samningu frumvarpa og í opinberri umræðu.

c. Niðurstaða.

Hefur gott orð að því er snertir stjórnun og samstarf. Hefur víðtæka reynslu með því að hafa starfað bæði í seðlabanka (13 ár) og í viðskiptabönkum (9 ár). Flokkast Yngvi Örn Kristinsson sem vel hæfur í embætti seðlabankastjóra.

8. Ásgeir Jónsson.

a. Nám.

BS í hagfræði H.Í. 1994. Masterspróf í hagfræði við Indiana University 1997 og doktorspróf við sama skóla 2001. Efni ritgerðar: Áhrif peningamálastefnu á hagsveiflur í litlum opnum hagkerfum.

b. Starfsferill og reynsla.

Kennsla í hagfræði við Indiana University meðfram doktorsnámi, 1995-00. Sérfræðingur á Hagfræðistofnun H.Í. með aðaláherslu á peningamálahagfræði 2000-03. Lektor við hagfræðiskor H.Í. með aðaláherslu á alþjóðafjármál, peningamál og hagstjórn frá 2004. Aðalhogfræðingur Kaupþings 2004-06, og forstöðumaður greiningardeildar þess banka frá 2006. Ritstjórn Vísbendingar 1995-96 og Tímarits um viðskipti og efnahagsmál frá 2002. Hagfræðingur Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1994-95.

c. Niðurstaða.

Hefur takmarkaða stjórnunarreynslu en gott orðspor fyrir samstarf. Bæði nám hans og störf hafa beinst sérstaklega að peningámálum. Starfsferillinn er bundinn við háskóla og hagfræðideild viðskiptabanka. Flokkast Ásgeir Jónsson sem hæfur.